



# Listaverk við nýjan Landspítala

Keppnislýsing

Júlí 2023



## Efnisyfirlit

---

1.	Almenn atriði .....	5
1.1.	Inngangur .....	5
1.2.	Verkkaupi .....	5
1.3.	Yfirlit yfir verkefnið .....	5
1.4.	Samkeppnisform .....	6
1.5.	Lykildagsetningar .....	6
1.6.	Áherslur dómnefndar.....	7
1.7.	Greiðsla fyrir þátttöku.....	7
1.8.	Tungumál .....	7
1.9.	Höfundarréttur tillagna.....	7
1.10.	Varðveisla tillagna .....	7
2.	Tilhögun samkeppninnar .....	7
2.1.	Þátttökuréttur .....	7
2.2.	Afhending samkeppnisgagna .....	8
2.3.	Dómnefnd og ritari dómnefndar.....	8
2.4.	Trúnaðar- og umsjónarmaður.....	8
2.5.	Samkeppnisgögn .....	8
2.6.	Vettvangsskoðun.....	9
2.7.	Fyrirspurnir.....	9
2.8.	Samkeppnistillögur – innihald, auðkenning og skil.....	9
2.9.	Niðurstaða samkeppninnar - úrslit .....	10
2.10.	Sýning.....	10
3.	Lýsing verkefnis .....	10
3.1.	Markmið.....	10
3.2.	Keppnissvæðið .....	11
3.3.	Lóð, aðkoma og nánasta umhverfi.....	12
3.4.	Gerð og gæði listaverka .....	13
3.5.	Kostnaðarviðmið .....	14
4.	Verkefni í kjölfar samkeppni .....	14
4.1.	Hönnunar- og framkvæmdatími .....	14
4.2.	Hagnýting keppnistillagna.....	14
4.3.	Þóknun keppenda .....	14
4.4.	Verðlaunafé.....	14
4.5.	Verksamningur.....	15

4.6. Trygging myndlistarmanns - Verkefnamissir.....	15
4.7. Riftun verksamnings – Réttur verkaupa og verktaka.....	15
5. Samþykki keppnislýsingar .....	15

Keppnislýsing – Listaverk við nýjan Landspítala

Júlí 2023

Umbrot og hönnun: Nýr Landspítali ohf. (NLSH)

Ljósmyndir: NLSH ohf.

Ábyrgðarmenn:

Gunnar Svavarsson framkvæmdastj. NLSH og Sigríður Sigurðardóttir sviðsstj. hönnunarsviðs  
NLSH.

Umsjón: NLSH ohf.

## 1. Almenn atriði

### 1.1. Inngangur

NLSH stendur fyrir samkeppni um listaverk á Sóleyjartorgi samkvæmt myndlistarlögum nr. 64/2012 en í IV Kafla 14. gr. kemur fram að 1% af heildarbyggingarkostnaði opinberrar nýbyggingar skuli varið til listaverka í henni og umhverfi hennar. Samkeppni þessi er undirbúin og unnin í samstarfi við Samband íslenskra myndlistarmanna (hér eftir SÍM) og ýmsa aðra hagaðila.

Verkefnið felst í því að gera tillögu að listaverki/ -verkum á Sóleyjartorgi, aðalaðkomutorgi meðferðarkjarnans sem er stærsta einstaka nýbyggingin í uppbyggingu spítalans við Hringbraut. Lögð er áhersla á að listaverkið verði hluti af heildarhönnun almenningsrýmisins í kringum nýja Landspítalann og verði áberandi kennileiti svæðisins. Með listaverkum er átt við hvers konar fasta og lausa listmuni, svo sem veggverk unnin beint á vegg, lágmyndir, höggmyndir og aðra listræna fegur. Sérstaklega er óskað eftir tillögum að listaverkum sem geta verið eiginlegur byggingarhluti, að hluta eða í heild, og órjúfanlegur hluti af byggingunni, torginu eða öðru umhverfi.

Samkeppnin er samkvæmt keppnislýsingu þessari og samkeppnisreglum Sambands Íslenskra myndlistarmanna (SÍM).

### 1.2. Verkkaupi

Nýr Landspítali ohf. (hér eftir NLSH) er opinbert hlutafélag stofnað 1. júlí 2010, kt. 500810-0410, og starfar samkvæmt lögum nr. 64/2010. Hlutverk félagsins er að standa að uppbyggingu spítalans á lóð Landspítala við Hringbraut. Nýlega hefur verkefnum Nýs Landspítala ohf. fjölgað töluvert og eru þau ekki lengur eingöngu við Hringbraut.

Nýr Landspítali ohf., hefur umsjón með samkeppninni, undirbúningi og framkvæmd hennar í samráði við Samband íslenskra myndlistarmanna (SÍM).

### 1.3. Yfirlit yfir verkefnið

Það verkefni sem NLSH efnir til nú er það fyrsta af verkefnum á vegum NLSH um val á listaverki sem fyrir séð er að verði á næstu misserum og árum sem hluti af heildarverkefni um byggingu á nýjum Landspítala. Valaðferðir hverju sinni geta verið mismunandi en eru nú samkeppni.


Samkeppnissvæðið er svonefnt Sóleyjartorg (6). Sóleyjartorg er rammað af til vesturs með nýbyggingu sem kallast í daglegu tali meðferðarkjarni (1), til norðurs af Gamla spítalanum og nýrri götu fyrir framan hann sem nefnist Hrafngata. Til austurs verður Sóleyjartorg opið þar til lokið hefur verið við annan áfanga uppbyggingar við Hringbraut en sá áfangi hefur ekki verið tímasettur. Til suðurs afmarkast samkeppnissvæðið af Burknagötu en þar mun verða stoppistöð Borgarlínu. Sjá skýringar á mynd 1.

Á Sóleyjartorgi er anddyrisbygging meðferðarkjarna og aðalinngangur hans. Anddyrisbyggingin er mikilvægur hluti af Sóleyjartorgi og hluti af því svæði sem vinna má með fyrir listaverk.

Sóleyjartorg er mikilvægur hluti af uppbyggingu Landspítala við Hringbraut og mun mynda nýja miðju svæðisins þaðan sem aðgengilegt verður milli bygginga, aðalaðkoma verður að meðferðarkjarna og því tækifæri til að vinna með svæðið sem mun um ókomin ár verða stór og mikilvægur hluti af heildarmynd þessa stóra verkefnis.

Sóleyjartorgið og samkeppnissvæðið er 80 x 44 metrar að stærð eða 3.520 m<sup>2</sup>.

Nánari lýsingu á verkefni keppinnar er að finna í kafla 3 Lýsing verkefnis.



Mynd 1 - skýringarmynd fyrir nýbyggingar og götur á uppbyggingarsvæði NLSH við Hringbraut – fyrsti áfangi

#### 1.4. Samkeppnisform

Samkeppnin er lokuð samkeppni að undangengnu forvali og opin þeim til þátttöku sem hafa verið valdir í forvali. Samkeppnin byggir á samkeppnisreglum SÍM og lögum um framkvæmd útboða nr. 65/1993.

Verkaupi öðlast afnotarétt af verðlaunuðum og viðurkenndum tillögum með þeim takmörkunum sem höfundalög setja.

#### 1.5. Lykildagsetningar

Samkeppni hefst - Gögn afhent keppendum	17. júlí 2023 fyrir kl. 16:00 (sjá nánar kafla <a href="#">2.5</a> )
Vettvangsskoðun á samkeppnissvæði	8. ágúst -15. ágúst skv. nánari útfærslu (sjá nánar kafla <a href="#">2.6</a> )
Fyrirspurnarfrestur rennur út	25. ágúst 2023 fyrir kl. 16:00 (sjá nánar kafla <a href="#">2.7</a> )
Svör fyrirspurna lögð fram	1. september 2023 fyrir kl. 16:00 (sjá nánar kafla <a href="#">2.7</a> )
Keppendur skila tillögum	17. nóvember 2023 fyrir kl. 16:00 (sjá nánar kafla <a href="#">2.8</a> )
Niðurstaða dómnefndar	4. desember 2023 fyrir kl. 16:00 (sjá nánar kafla <a href="#">2.9</a> )
Sýning á tillögum haldin í sýningarsal SÍM	desember 2023 (sjá nánar kafla <a href="#">2.10</a> )
Samningagerð milli aðila	desember 2023

### 1.6. Áherslur dómnefndar

Meginmarkmið samkeppninnar er ekki einungis að uppfylla skilyrði laganna sem varða listaverk í eða við nýbyggingar ríkisins heldur einnig að gæða þetta stóra verkefni hugmyndaauði og hugviti listamanna sem mun njóta sín sem órjúfanlegur hluti heildarinnar um ókomin ár.

Dómnefnd metur tillögur sem berast í samkeppnina með hliðsjón af fyrirliggjandi keppnislýsingu og gögnum sem þar er vísað til.

Dómnefnd samkeppninnar er heimilt að leita eftir áliti utanaðkomandi sérfræðinga varðandir einstök atriði telji hún þörf á því. Ef gripið er til þessa úrræðis þarf að tryggja að fullkomins trúnaðar sé gætt af hálfu þessara ráðgjafa.

NLSH áskilur sér rétt til að velja fleiri en eitt listaverk til uppsetningar, en öll verkin skulu rúmast innan fjárhagsramma, jafnframt er áskilinn réttur til að hafna öllum tillögum.

Dómnefnd mun í niðurstöðum sínum, fjalla sérstaklega um hverja tillögu fyrir sig og gefa henni umsögn sem birt verður í lok keppninnar.

### 1.7. Greiðsla fyrir þátttöku

Hverjum þeim listamönnum/hópum sem valdir voru til þátttöku í forvali verða greiddar 600.000 krónur án vsk fyrir að skila inn tillögu sem uppfyllir skilmála keppninnar og dómnefnd metur hæfa til mats dómnefndar.

### 1.8. Tungumál

Tungumál samkeppninnar er íslenska og sama á við um verkefnið í framhaldi af samkeppninni. Öll gögn keppenda svo sem fyrirspurnir, greinargerðir og útskýringar við skil á tillögu, skulu vera á íslensku. Þetta á einnig við um mögulegt talað mál á myndskreiðum. Svör við fyrirspurnum verða á íslensku.

### 1.9. Höfundarréttur tillagna

Varðandi höfundarrétt tillagna vísast í 16. grein samkeppnisreglna SÍM.

### 1.10. Varðveisla tillagna

Trúnaðarmaður samkeppninnar mun tryggja að vistun tillagna verði einungis aðgengileg fulltrúum dómnefndar og mögulegum ráðgjöfum hennar eftir atvikum.

Að samkeppni lokinni mun verkkaupi vista tillögur, vinnugögn og niðurstöður dómnefndar sem hluta af gögnum verkefnis NLSH á rafrænu formi.

## 2. Tilhögun samkeppninnar

### 2.1. Þátttökuréttur

Rétt til þátttöku í samkeppninni hafa þeir einstaklingar/hópar/fyrirtæki sem forvalsnefnd valdi úr innsendum umsóknum. Hópi eða lögaðila er því aðeins heimil þátttaka að einstaklingur sem sjálfur á þátttökurétt sé ábyrgur fyrir þátttöku hópsins eða lögaðilans. Verkefni þátttakenda er að skila inn tillögum á tilskildum tíma sem uppfylla þau skilyrði sem fram koma í keppnislýsingu þessari, sjá kafla 2.8. Samkeppnistillögur – innihald, auðkenning og skil.

Þátttökurétt hafa eftirtaldir aðilar:

- Haraldur Jónsson og Anna María Bogadóttir
- Katrín Sigurðardóttir
- Ólöf Nordal
- Rósa Gísladóttir
- Sigurður Guðjónsson
- Þórdís Erla Zoëga

Þátttaka er óheimil dómnefndarmönnum, ritara og ráðgjöfum dómnefndar og þeim sem eru þessum aðilum nátengdir. Þyki vafi leika á um þátttökurétt skal trúnaðarmaður leita umsagnar stjórnar SÍM.

## 2.2. Afhending samkeppnisgagna

Keppnislýsing þessi ásamt öðrum keppnisgögnum, sjá kafla [2.5 Samkeppnisgögn](#) verður send þátttakendum í tölvupósti (eða með öðrum rafrænum hætti) eigi síðar sbr. dag- og tímasetningar í töflu kafla „1.5 Lykildagsetningar“. Þátttakendur skulu staðfesta móttöku keppnislýsingar til trúnaðarmanns.

## 2.3. Dómnefnd og ritari dómnefndar

Dómnefnd skipa eftirtaldir:

Finnur Árnason, formaður stjórnar NLSH og formaður dómnefndar.  
Ólöf Kristín Sigurðardóttir, fulltrúi Reykjavíkurborgar.  
Þórunn Steinsdóttir, fulltrúi Landspítala.  
Ingunn Fjóra Ingþórsdóttir, fulltrúi SÍM.  
Pétur Thomsen, fulltrúi SÍM.

Ritari dómnefndar: Ásdís Ingþórsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri NLSH ohf.

## 2.4. Trúnaðar- og umsjónarmaður

Samband íslenskra myndlistarmanna (SÍM) hefur tilnefnt sem trúnaðarmann samkeppninnar:

Ingibjörgu Gunnlaugsdóttur

Netfang: [trunadur@nlsh.is](mailto:trunadur@nlsh.is)

Trúnaðarmaður er tengiliður milli útboðsaðila og dómnefndar annars vegar og þátttakenda hins vegar.

## 2.5. Samkeppnisgögn

Eftirfarandi gögn eru samkeppnisgögn samkeppninnar. Öll önnur gögn en keppnislýsing eru ítagögn.

1. Keppnislýsing þessi.
2. Forvalsauglýsing, minnisblöð, svör á fyrirspurnartíma. Alls sex skjöl.
3. Samkeppnisreglur SÍM og lög um framkvæmd útboða nr. 65/1993. Alls tvö skjöl.
4. Grunnmyndir, útlitsmyndir og sneiðingar bílakjallara Sóleyjartogs. Alls eitt skjal.
5. Hugmyndaskissur af útfærslu Sóleyjartogs. Alls fjögur skjöl.
6. Grunnmyndir, útlitsmyndir og sneiðingar meðferðarkjarna. Alls 14 skjöl.



7. Grunnmyndir, útlitsmyndir og sneiðingar nýbyggingar Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands. Alls eitt skjal.
8. Deiliskipulagsuppráttur. Alls eitt skjal.
9. Vindgreining. Alls tvö skjöl.
10. Drög að verksamningi. Alls eitt skjal.

## 2.6. Vettvangsskoðun

NLSH mun boða til vettvangsskoðunar með þeim listamönnum sem veljast til þátttöku í samkeppninni ásamt fulltrúum NLSH og trúnaðarmanni. Þar verður þátttakendum kynnt heildarverkefni NLSH og gefinn verður kostur á að fara inn á framkvæmdasvæðið og geta keppendur með þeim hætti kynnt sér það svæði sem Sóleyjartorg mun rísa á. Keppendur munu mæta einir hverju sinni, óháð öðrum keppendum.

Keppendum er sérstaklega bent á að vakni spurningar í vettvangsskoðun eða við kynningu á verkefninu þarf að beina þeim spurningum til trúnaðarmanns fyrir lok fyrirspurnarfrests og verður öllum fyrirspurnum svarað með formlegum hætti. Allir keppendur fá upplýsingar um allar spurningar og svör.

## 2.7. Fyrirspurnir

Fyrirspurnir má aðeins senda trúnaðarmanni samkeppninnar. Allar fyrirspurnir skulu vera skriflegar og hafa borist trúnaðarmanni sbr. dag- og tímasetningar í töflu kafla „1.5 Lykildagsetningar“. Fyrirspurnir sendist á netfangið: [trunadur@nlsh.is](mailto:trunadur@nlsh.is). Fyrirspurnir eru bornar undir verkkaupa og svarað jafnóðum en eigi síðar en sbr. dag- og tímasetningar í töflu kafla „1.5 Lykildagsetningar“. Trúnaðarmaður sendir þátttakendum allar fyrirspurnir og svör við þeim. Fyrirspurnum sem berast ekki innan tiltekins tíma verður ekki svarað.

## 2.8. Samkeppnistillögur – innihald, auðkenning og skil

Keppendur skulu skila tillögum á rafrænu formi (.jpg, .pdf eða mynd-formi) sbr. dag- og tímasetningar í töflu kafla „1.5 Lykildagsetningar“ á netfangið [trunadur@nlsh.is](mailto:trunadur@nlsh.is). Rafrænum gögnum og öðrum gögnum s.s. líkani má einnig skila til trúnaðarmanns og í samráði við hann, sbr. dag- og tímasetningar í töflu kafla „1.5 Lykildagsetningar“.

Skila skal eftirfarandi gögnum:

Keppendur skulu skila tillögu að listskreytingu á rafrænu formi, .jpg eða .pdf formi, í tölvupósti. Ef listamaður ákveður að skila inn líkani skal það vera í skalanum 1:20, en jafnframt er óskað eftir að viðkomandi skili inn ljósmyndum eða skissum af tillöguverkinu á .jpg eða .pdf formi, á A4 eða A3 stærð. Ef listamaður ákveður að skila inn líkani skal það gert fyrir sbr. dag- og tímasetningar í töflu kafla „1.5 Lykildagsetningar“ á stað sem ákveðinn er í samráði við trúnaðarmann.

Einnig skal skila inn greinargerð með tillögu, á rafrænu formi.

Í greinargerð með tillögu skal að lágmarki eftirfarandi koma fram:

- Lýsing á megininntaki tillögunnar, hugmynd, helstu forsendur, markmið og áherslur tillöguhöfunda, að hámarki 1000 orð og að lágmarki 10 punkta letur. Heimilt er að birta smækkað afrit myndefnis í greinargerð.
- Lýsing á hugmynd, helstu stærðir, áætluð þyngd, efnisnotkun og tæknilegar útfærslur auk annarra atriða sem keppendur vilja skýra frá.
- Lýsing á frágangi listaverks, þ.e. efnisvali, frágangi eða festingum við gólf, loft, vegg eða gler.

Hver þátttakandi skili inn einni eða tveim tillögum.

Ófrávíkjanlegt skilyrði þess að tillögu sé veitt viðtaka og hún dæmd, er að henni sé skilað á réttum tíma og að nafnleyndar sé gætt.

Trúnaðarmaður undirbýr tillögurnar fyrir dómnefnd. Hann gefur hverjum höfundi dulnefni, sex stafa talnarunu, sem hann merkir öll gögn viðkomandi höfundar með. Trúnaðarmaður einn veit rétt nafn höfundar, kennitölu, heimilisfang, netfang og símanúmer.

Ritari og trúnaðarmaður dómnefndar munu halda utan um tillögur og kynna þær fyrir dómnefnd, án nafns.

### *2.9. Niðurstaða samkeppninnar - úrslit*

Dómnefnd fer yfir allar tillögur sem uppfylla skilyrði keppnislýsingar og metur þær með hliðsjón af keppnislýsingu þessari.

Þegar dómnefnd hefur lokið störfum og hafi hún komist að þeirri niðurstöðu að velja eitt eða fleiri verk til útfærslu, birtir hún niðurstöður sínar. Dómnefnd skilar skriflegu álit með rökstuðningi fyrir vali á vinningstillögu. Álit verður sent um hendur trúnaðarmanns til allra þátttakenda. Niðurstaðan verður kynnt verkkaupa og stjórn SÍM auk þess sem úrslit samkeppninnar eru kynnt í fjölmiðlum. Dómnefnd áskilur sér rétt til að velja enga af innsendum tillögum ef hún telur enga koma til greina til útfærslu. Dómnefnd áskilur sér einnig rétt til að velja fleiri en eina tillögu.

Að samkeppni lokinni birtir verkkaupi niðurstöðu samkeppninnar, dómnefndarálit og innsendar tillögur á vefsíðu sinni ([www.nlsh.is](http://www.nlsh.is)) og vefsíðu SÍM ([www.sim.is](http://www.sim.is)).

Dómnefnd áskilur sér rétt til að kalla til ráðgjafa.

Í kafla 1.5 eru upplýsingar um áætlaðan skiladag dómnefndar og úrslit samkeppninnar.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að nýta hugmyndir úr öllum verðlaunuðum tillögum að teknu tilliti til höfundarréttar og í samráði við listamanninn.

Að því gefnu að verkkaupi sé sáttur við niðurstöðu dómnefndar verður gengið til samninga við höfund/höfunda verks eða verka sem valin hafa verið. Gert er ráð fyrir að samningum verði lokið innan mánaðar frá því niðurstaða samkeppni var kynnt.

### *2.10. Sýning*

Eftir að úrslit liggja fyrir verður haldin sýning á öllum innsendum tillögum sem uppfylla skilyrði samkeppninnar og voru teknar til dóms. Sýningin verður í 8 vikur að lágmarki og hýst á vefslóðum þeirra aðila sem að samkeppninni standa, á vefsíðu NLSH; [www.nlsh.is](http://www.nlsh.is) og vefsíðu SÍM; [www.sim.is](http://www.sim.is). Hluti af þeim gögnum sem þar munu liggja fyrir er álitserð dómnefndar.

Sýningin verður einnig hengd upp í salarkynnum SÍM í Hafnarstræti 16, sjá nánar tímasetningar í kafla 1.5.

## **3. Lýsing verkefnis**

### *3.1. Markmið*

Meginmarkmið samkeppninnar er að fá tillögur um listaverk á Sóleyjartorg sem er einskona miðpunktur í uppbyggingu nýs Landspítala á Hringbrautarlóð. Samkeppnissvæðið er Sóleyjartorg,

aðalaðkomutorg meðferðarkjarnans, ásamt anddyri byggingarinnar. Að dómnefndarstörfum loknum verða ein eða fleiri tillögur valdar til útfærslu, framkvæmdar og uppsetningar.

Listaverkið þarf að vera þannig úr garði gert að það hindri ekki umgang um torgið en þar sameinast margþættir umferðarstraumar ólíkra aðila.

Lögð er áhersla á að listaverkið verði hluti af heildarhönnun almenningsrýmisins í kringum nýja Landspítalann og verði áberandi kennileiti svæðisins. Með listaverkum er átt við hvers konar fasta og lausa listmuni, svo sem veggverk unnin beint á vegg, lágmyndir, höggmyndir og aðra listræna fegrun. Sérstaklega er óskað eftir tillögum að listaverkum sem geta verið eiginlegur byggingarhluti, að hluta eða í heild, og órjúfanlegur hluti af byggingunni, torginu eða umhverfi hennar.

Reikna má með að í tímans rás verði listaverk á Sóleyjartorgi og nánasta umhverfi einhverskonar kennileiti fyrir Landspítala á Hringbraut.

### 3.2. Keppnissvæðið

Eins og áður var lýst þá rammast Sóleyjartorg af með meðferðarkjarna til vesturs, sem frá torginu er 6 hæðir, til norðurs af Hrafnsgötu, til suðurs af Burknagötu en til austurs verður torgið opið þar til uppbyggingu síðari áfanga er lokið (sjá skýringar á mynd 1). Undir Sóleyjartorgi er tveggja hæða bílakjallari.

Hæðarmunur er milli Hrafnsgötu og Burknagötu. Burknagata er við torgið í hæð 15.4 að vestanverðu og í kóta 16.0 að austanverðu. Hrafnsgata er við torgið í hæð 19.95 að vestanverðu og kóta 20.0 að austanverðu. Hæðarmunur milli gatna er því 4-4.5 metrar. Inngangskótar í meðferðarkjarna í neðri hluta torgsins er 15.4 en gólfkóti hússins er 15.42, inngangskóta í meðferðarkjarna í efri hluta torgsins er 19.88, en gólfkóti efri hæðar meðferðarkjarna er 19.90. Áætla má að nýbygging austan við Sóleyjartorg verði með sömu gólfkóta tölur.

Áætlaðir kótar við stigahús á neðri hluta torgs er 15.4, áætluð hæð á efsta hluta ramps í bílgeymslu undir torgi er um 15.2-15.4. Áætluð hæð við legudeildarhús að austanverðu er 15.4.

Áætluð hæð við stigaop á efri hluta torgs er 19.8.

Nánari lýsing á þeim byggingum sem tengjast samkeppnissvæðinu með einum eða öðrum hætti er að finna í kafla [3.3 Lóð, aðkoma og nánasta umhverfi](#).

### Sóleyjartorg

Í tengslum við hönnun bílakjallara undir Sóleyjartorgi hafa hönnuðir unnið tillögur að fyrirkomulagi á Sóleyjartorgi en þeirri hönnun er ekki lokið. Það er því tækifæri til að hafa þar áhrif á hönnun og útfærslu torgsins. Sérstaklega er óskað eftir tillögum að listaverkum sem geta verið eiginlegur byggingarhluti, að hluta eða í heild, og órjúfanlegur hluti af byggingunni eða umhverfi hennar og á það við t.d. um anddyrisbyggingu meðferðarkjarnans, lyftu- og stigahús á Sóleyjartorgi, hjólageymslu á Sóleyjartorgi og þau atriði sem keppandi telur sig geta unnið með gagnvart sinni listsköpun.

- Aðkoma að bílakjallara um Sóleyjartorg, rampur og gata hafa verið staðsett m.v. fyrirkomulag í bílakjallara og hefur uppsteypa bílakjallara þegar verið boðin út. Staðsetningu aðkomu og rampa verður því ekki breytt, efnistöð aðkomu og útlit eru því hluti af því svæði sem keppendum er heimilt að vinna með.
- Staðsetning, lögun og stærð anddyrisbyggingar hefur verið fest í deiliskipulagi sem og á teikningum hönnuða bæði meðferðarkjarna og bílakjallara. Lega og lögun anddyrisbyggingar

verður því ekki breytt en anddyrisbyggingin sjálf, efnistöð hennar og útlit eru því hluti af því svæði sem keppendum er heimilt að vinna með.

- Leiksvæði skal vera á efra torgi samkvæmt deiliskipulagi, efnistöð leiksvæðis og útlit eru því hluti af því svæði sem keppendum er heimilt að vinna með.
- Gera skal ráð fyrir þrepum og römpum milli efra og neðra torgs til að tryggja gott aðgengi allra, efnistöð og útlit gönguleiðar og skábrauta vegna hjóla og vagna eru því hluti af því svæði sem keppendum er heimilt að vinna með.
- Gera þarf ráð fyrir neyðaraðkomu á Sóleyjartorgi en nákvæm staðsetning eða útfærsla hefur ekki verið fest, efnistöð og útlit eru því hluti af því svæði sem keppendum er heimilt að vinna með.
- Lyftu- og stigahús á suðurhluta Sóleyjartorgs hefur verið staðsett en ekki fullhannað, efnistöð hússins og útlit eru því hluti af því svæði sem keppendum er heimilt að vinna með.
- Stigahús í norðaustur horni Sóleyjartorgs hefur verið staðsett, efnistöð stigahússins og útlit eru því hluti af því svæði sem keppendum er heimilt að vinna með.
- Hjólageymsla í norðvestur horni Sóleyjartorgs hefur verið staðsett, efnistöð hjólageymslunnar og útlit eru því hluti af því svæði sem keppendum er heimilt að vinna með.

Keppendum er bent sérstaklega á eftirfarandi svæði til úrvinnslu:

- Efnisval og útfærsla anddyrisbyggingar – útveggurinn sjálfur og svæðið innan anddyrisbyggingar.
- Efnisval og útfærsla torgsvæðis, rampa og tröppur upp á efra torg.
- Leiksvæði á efra torgi.
- Lýsing.
- Landslagshönnun, gróðurker og eða önnur landslagshönnun.
- Lyftu- og stigahúsbyggingar á torginu – efnisval og útfærsla.

Tryggja þarf aðkomuleiðir neyðarbíla svo sem slökkviliðs að aðlægum byggingum þ.a. listaverk mega ekki hindra aðkomuleiðir.

Gert er ráð fyrir að starfsmenn Landspítala nýti sér fjölbreyttan samgöngumáta svo og Borgarlínu sem þverar Hringbrautarsvæðið og stoppar í miðju svæðisins við Sóleyjartorgið.

Hönnun yfirborðsfrágangs Sóleyjartorgs er á hendi SPITAL hönnunarhópsins. Þessir aðilar verða því samstarfsaðilar þess sem vinnur samkeppni um listaverk á Sóleyjartorgi.

### *3.3. Lóð, aðkoma og nánasta umhverfi*

#### **Bílakjallari**

Bílakjallari er undir Sóleyjartorgi. Bílakjallarinn er á tveimur hæðum og tengdur meðferðarkjarna með lyftu- og stigahúsi í anddyrisbyggingu. Í bílakjallara eru um 180 bílastæði. Gert er ráð fyrir að sjúklingar og gestir nýti bílakjallara undir Sóleyjartorgi en starfsmenn spítalans nýti stakstætt bílastæðahús (sjá byggingu 5 á mynd 1). Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu NLSH [www.nlsh.is](http://www.nlsh.is).

#### **Meðferðarkjarni**

Meðferðarkjarni (sjá byggingu 1 á mynd 1) er stærsta byggingin í uppbyggingu NLSH og mun gegna lykilhlutverki í meðferðarstarfsemi spítalans. Meðferðarkjarni er hannaður út frá starfsemi bráða- og háskólasjúkrahúss, með áherslu á einfalt og skýrt fyrirkomulag. Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu NLSH [www.nlsh.is](http://www.nlsh.is).

## Aðalbygging Landspítala (gamli Landspítalinn)

Núverandi aðalbygging Landspítala var hönnuð og teiknuð af Guðjóni Samúelssyni og var reist árið 1930 í túni lögbýlisins Græuborgar, sem Reykjavíkurborg eignaðist árið 1914. Byggingin hefur mikið varðveislugildi og er hún ein helsta opinbera bygging þriðja áratugar tuttugustu aldar. Byggingin ber skýr einkenni klassíska stílsins og setur sterkan svip á borgarmyndina. Gamli Landspítalinn var friðaður árið 2011 samkvæmt þjóðminjalögum. Aðalbyggingin rís upp norður af Sóleyjartorgi og er í öndvegi torgsins.

## Rannsóknahús

Í rannsóknahúsi hins nýja spítala sameinast öll rannsóknastarfsemi spítalans á einn stað. Rannsóknir eru í eðli sínu lifandi vettvangur og starfsumhverfi því síbreytilegt. Rannsóknastarfsemi er í stöðugri þróun og mikilvægt að byggingin sem hýsir þessa starfsemi sé sveigjanleg og geti brugðist við þessum breytileika. Rannsóknahúsið er vettvangur flókinna starfsemi og um leið vinnuástaða færustu sérfræðinga. Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu NLSH [www.nlsh.is](http://www.nlsh.is).

## Bílastæða- og tæknihús

Í bílastæða- og tæknihúsi (BT hús) verða stæði fyrir um 500 bíla og fyrir 200 hjóla- og rafhjólustæði. Í tæknihluta hússins verður varaafli Landspítala staðsett ásamt kælikerfum og varakynningu. Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu NLSH [www.nlsh.is](http://www.nlsh.is).

## Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands og Læknagarður

Nýbygging Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands (sjá byggingu 4 á mynd 1) mun tengjast við Læknagarð og byggingarnar hýsa nær alla starfsemi Heilbrigðisvísindasviðs HÍ. Landspítali er háskólasjúkrahús og þess vegna eru beinar tengingar milli skóla og starfsnáms nemenda við spítalann mikilvægur þáttur í uppbyggingunni. Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu NLSH [www.nlsh.is](http://www.nlsh.is).

## Síðari áfangi uppbyggingar, austan Sóleyjartorgs

Gert ráð fyrir að austan við Sóleyjartorg verði byggður hluti af seinni áfanga uppbyggingar við Hringbraut og að í því húsi verði að mestu dag- og göngudeildir en einnig áframhald á þeirri starfsemi sem er í meðferðarkjarna. Gert er ráð fyrir að tengingar milli hússins og meðferðarkjarna verði á norðanverðu Sóleyjartorgi. Tengingar eru einnig neðanjarðar milli meðferðarkjarna og þessa áfanga norðan við bílakjallara.

## Burknagata og Hrafnsgata

Í Burknagötu, sunnan við Sóleyjartorg er áformað að verði stoppistöð Borgarlínu en hún hefur ekki verið endanlega staðsett né liggur hönnun hennar fyrir. Næst húsum og Sóleyjartorgi verður gangstétt, þá hjólarein, því næst akgreinar sem munu verða nokkuð margar og skiptast upp milli almennrar umferðar og forgangsumferðar neyðarbíla/sjúkrabíla. Unnið er að lokahönnun gatna í verkefninu en það er utan skilgreinds svæðis samkeppinnar.

### *3.4. Gerð og gæði listaverka*

Listaverkið/-in þarf að vera úr varanlegu efni sem þolir íslenska veðráttu og vera þannig úr garði gert að það hindri ekki umgang um svæðið. Miða skal við að allur frágangur við listaverkið sé vandaður og endingargóður og viðhaldskostnaður í lágmarki.

Keppendum er sérstaklega bent á að kynna sér niðurstöðu vindgreiningar sem gerð hefur verið fyrir svæðið – sjá kafla [2.5 Samkeppnisgagn](#).

### 3.5. Kostnaðarviðmið

Keppandi skal áætla og sundurliða heildarkostnað við listaverkið og er þá miðað við efniskostnað, aðkeypta vinnu, kostnað við uppsetningu og framkvæmd listaverksins/listaverkanna auk höfundargreiðslu.

Ef listaverkið er eiginlegur byggingarhluti skal slíkt koma sérstaklega fram í sundurliðun.

## 4. Verkefni í kjölfar samkeppni

### 4.1. Hönnunar- og framkvæmdatími

Gert er ráð fyrir að fylgja eftirfarandi hönnunar- og framkvæmdaáætlun:

Úrslit samkeppninnar kynnt	Sjá kafla 1.5 Lykildagsetningar
Vinna og hönnun við gerð listaverksins hefst	Árið 2024
Framkvæmdir hefjast	Árið 2027
Vinnsla og uppsetning listaverks lokið	Árið 2027

Almennur fyrirvari gerður vegna fjárveitinga til verkefnisins.

### 4.2. Hagnýting keppnistillagna

Verkkaupi stefnir að því að ganga til samninga við höfunda þeirrar tillögu eða tillagna sem dómnefnd mælir með til áframhaldandi úrvinnslu.

### 4.3. Þóknun keppenda

Þeir listamenn og/eða listamannahópar sem valdir voru til þátttöku í samkeppninni fá greiddar kr. 600.000.- án vsk. fyrir að vinna vel útfærða tillögu að listaverki/-um ásamt lýsingu á efnistöku, tæknilegri útfærslu og kostnaðaráætlun. Dómnefnd ákvarðar hvort þátttakendur uppfylla þau skilyrði er sett voru varðandi skil á tillögu/-um í samkeppninni, en að öðrum kosti fellur þóknun þátttakanda niður sbr. samkeppnisreglur SÍM.

### 4.4. Verðlaunafé

Gert er ráð fyrir að listamaðurinn/listamennirnir, sem taka þátt í eða sjái um eða komi að framkvæmd við gerð listaverksins og útfærslu þess í samvinnu við verkkaupa og aðra hönnuði. Þá muni, ef samningar nást, verða gerður verði sérstakur samningur þar um sem tekur mið af umfangi verksins sbr. drög af verksamningi.

Verkkaupi mun ekki skipta verðlaunafjárhæð, en verðlaunaféð er 500.000 kr.- án vsk. og bætist það við þóknun aðila vegna skila á tillögu/tillögum í samkeppninni. Verðlaunafé er veitt höfundi/um þeirrar tillögu eða tillagna sem dómnefnd mælir með til áframhaldandi úrvinnslu og er veitt óháð því hvort samningar náist um verktilhögun sbr. drög að verksamning.

Verkkaupi áskilur sér þann rétt að veita aukaviðurkenningu 250.000 kr.- án vsk. þeirri tillögu eða þeim tillögum sem dómnefnd telur að þurfi að viðurkenna sérstaklega.

#### 4.5. Verksamningur

Verkkaupi setur almennan fyrirvara um gerð samnings, en stefnt er að því að gerður verði sérstakur samningur milli verkkaupa og listamanns/listamanna um áframhaldandi vinnu. Verðlaunafé er hluti af samningsupphæð. Sjá drög af samning sem fylgiskjal.

#### 4.6. Trygging myndlistarmanns - Verkefnamissir

Verði ekkert af fyrirhuguðu verkefni sbr. almennan fyrirvara verkkaupa, af óviðráðanlegum orsökum, innan tveggja ára frá lokum samkeppni, skal verkkaupi greiða verðlaunahöfund, sem samið hefur verið við um verkið, upphæð sem nemur jafngildi greiðslu fyrir þátttöku sbr. kafla 4.3 um Þóknun keppenda, sem bætist þá við þegar greidda þóknun og verðlaunafé.

Það sama gildir ef verkkaupi falli frá frekari áformum um að framkvæma samkvæmt verðlaunatillögu/-tillögum eða verkkaupi ráði annan aðila til verksins, en dómnefnd hefur mælt með, skal þá greiða bætur vegna verkefnississir, sem nemur jafngildi greiðslu fyrir þátttöku sbr. kafla 4.3 um Þóknun keppenda, sem bætist þá við þegar greidda þóknun og verðlaunafé.

#### 4.7. Ríftun verksamnings – Réttur verkaupa og verktaka

Verði til staðar ástæður, að mati samningsaðila, sem leiða til þess að fyrirséð er að verkefnið nái ekki fram að ganga er aðilum verksamnings heimilt að rífta verksamningi. Ekki eru gerðar hömlur á skaðabótakröfur. Hvor aðili um sig getur einhliða ríft verksamningi á grundvelli þessa ákvæðis.

## 5. Samþykki keppnislýsingar

Keppnislýsing þessi og samkomulag milli NLSH og SÍM er grundvöllur samkeppninnar byggt á samkeppnisreglum SÍM. Keppnisreglurnar eru skrifaðar af verkkaupa í samráði við trúnaðarmann, þar sem gerð er grein fyrir viðfangsefninu og hverjir hafi rétt til þátttöku. Einnig skal kveðið á um réttindi og skyldur útboðsaðila, dómnefndar, þátttakenda og SÍM. Keppnislýsing er yfirfarin og samþykkt af trúnaðarmanni SÍM, formanni SÍM og framkvæmdastjóra NLSH með rafrænni undirskrift þeirra.

**Reykjavík 14. júlí, 2023**

*Fyrir hönd verkkaupa*

*Gunnar Svavarsson, framkvæmdastjóri Nýs Landspítala ohf.*

*Fyrir hönd stjórnar SÍM*

*Anna Eyjólfsdóttir, formaður SÍM*

*Ingibjörg Gunnlaugsdóttir, trúnaðarmaður SÍM*

## Undirritunarsíða

F.h. Sambands íslenskra myndlistarmanna  
Anna Eyjólfsdóttir

Trúnaðarmaður  
Ingibjörg J Gunnlaugsdóttir

F.h. NLSH  
Gunnar Svavarsson